

Ed.

289. Frumvarp til laga

[95. mál]

um breytingu á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparissjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. des.)

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samþykki sparissjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparissjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal öruggar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparissjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparissjóðsins, nema með samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparissjóð mega ekki nema meiru en 50% af bókfærðu eigin fé sparissjóðsins, þ. m. t. stofnfé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða kuldbindingar þeirra gagnvart sparissjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar kuldbindingar viðskiptaaðila við sparissjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparissjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð kuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Kuldbindingar ríkissjóðs, ásamt kuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig kuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Kuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
3. Kuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparissjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.
4. Kuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati.

3. gr.

Niður falli síðasti málslíður 20. gr. laganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.